

Úrkomukort af Þjósársvæðinu

Trausti Jónsson

Greinargerð TJ-86/01

ÚRKOMUKORT AF ÞJÓRSÁRSVÆÐINU

Kortið er gert á Veðurstofunni í nóvember 1986 og er miðað við meðalársúrkomu tímabilsins 1971-80. Á þessu tímabili mældu allmargar stöðvar úrkomu á Suðurlandi, þannig að nokkuð góð mynd fæst yfir úrkomumeðaltöl í byggð. Öðru máli gegnir um fjöll og óbyggðir. Frá árinu 1958 hafa nokkrir safnmælar verið staðsettir á Þjórsársvæðinu. Mælar þessir eru ekki áreiðanlegir og samanburður við venjulega úrkomumæla bendir til þess að mikil úrkoma glatist, ef svo má segja. Hversu mikið virðist einnig fara efir staðháttum og úrkomumagni. Ýmislegt bendir til þess að u.þ.b. þriðjungur úrkomunnar glatist miðað við venjulega úrkomumæla. (Hversu nákvæmir þeir svo eru er svo annað vandamál). En þar sem safnmælingar þessar hafa nú staðið í nærri 30 ár er vel þess virði að litið sé á niðurstöður þeirra. Í þessari könnun var litið á mælingar úr eftirtöldum mælum:

Staður:	Heildarúrkoma	Úrk. á Kirkjub.kl. á sama tíma	Hlutf.
Veiðivatnahnraun	14.294	42.276	0,34
Ljósufjöll	17.976	45.484	0,40
Hald	15.432	39.987	0,39
Jökulheimar	9.610	28.796	0,33
Kjalöldur	8.836	26.464	0,33

Tímabilin sem notuð eru til samanburðar eru nokkuð misjöfn, en er getið í ársyfirliti Veðráttunnar á hverju ári..

Meðalúrkoma árána 1972-80 á Kirkjubæjarklaustri er 171 mm. Sé reiknað með því að hlutfallstölur þessar séu dæmigerðar fyrir tímabilið 1971-80 yrði mæld ársúrkoma þessara ára sem hér segir á þessum stöðum:

Veiðivatnahnraun	580 mm	
Ljósufjöll	690 mm	Á korunum er reiknað með 40%
Hald	670 mm	viðbót.
Jökulheimar	570 mm	
Kjalöldur	570 mm	

Á sumrin á árunum 1963 til 1970 var veðurstöð í Jökulheimum. Úrkomumælingar þessara ára benda til þess að ársúrkoma þar sé um 900 mm.

Á árunum 1970 til 1983 voru stundum gerðar veðurathuganir við virkjunarstaðina í Tungná. Samanburður við Búrfell, en þar hafa verið veðurathuganir að mestu síðan 1970, bendir til þess að meðalúrcoma á þessum stöðum sem hér segir:

Vatnsfellsbúðir	690 mm
Sigalda	720 mm
Hrauneyjafoss	760 mm

Úrkoma hefur verið mæld í Snæbýli í Vestur-Skaftafellssýslu frá 1976 og benda þær mælingar til að úrkoma þar sé allt að 2800 mm á ári.

Af ýmsum mælingum víðs vegar um landið má ráða að úrkoma sé mjög staðbundið fyrirbrigði. Fjöll hafa afgerandi áhrif á úrkomumagn og bendir ýmislegt til þess að úrkoma vaxi áveðurs í fjöllum um allt að 200 mm/100 m. Regnskuggar hlémegin eru einnig mjög skarpir og dæmi eru til þess að úrkoma sé tvöföld við fjallsrætur en 2-3 km í burtu frá fjallinu. Þetta verður að haf í huga þegar kort sem þetta er skoðað, sem og þá staðreynd að lítið er vitað um úrkomu á háfjöllum sem og hlutfall skafrennings í ákomudreifingu.

ÚRKOMUKORT - PRECIPITATION

Meðal ársúrkomu 1971 - 1980 - Mean annual precipitation 1971-1980

0 25 50 km

SKÝRINGAR - LEGEND

- < 800 mm
- 800 - 1200 -
- 1200 - 1600 -
- 1600 - 2000 -
- 2000 - 2400 -
- 2400 - 2800 -

- 2800 - 3200 mm
- 3200 - 3600 -
- > 3600 -

Trausti Jónsson, nóv. 1986. Veðurstofa Íslands.
The Icelandic Meteorological Office

